

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá um innheimtu sérstaks löggæslukostnaðar vegna skemmtanahalds nr. 634 12. júlí 2007.

#### 1. gr.

1. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Tímagjald lögreglumanna samkvæmt a-lið 3. mgr. 31. gr. reglugerðar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 585 29. júní 2007, skal vera 3.661 kr.

Grundvöllur gjaldsins er eftirfarandi:

Laun pr. yfirvinnuklst. skv. launatöflu lögreglumanna 1. maí 2008:	kr.
Launaflokkur 10-5:	2.510
Álag 20%:	<u>503</u>
Samtals:	3.013
Launatengd gjöld 21,53%:	<u>648</u>
Alls:	<u>3.661</u>

#### 2. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá nr. 634 12. júlí 2007, sem sett er með heimild í 5. mgr. 31. gr. reglugerðar nr. 585 29. júní 2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, sbr. 7. mgr. 17. gr. laga nr. 85 29. mars 2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. júlí 2008.*

**Björn Bjarnason.**

*Dís Sigurgeirsdóttir.*